

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2004

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir einstök ríki.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„66j. **32003 R 1217**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi (Stjtíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1217/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 44.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*